

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
b/t. Kristjönu Benediktsdóttur
skjalavarðar nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o.fl.) – (þingskjal 132 – 132. mál).

Sálarrannsóknarfélag Íslands hefur óskað eftir að undirritaður f.h. félagsins veiti umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999 ásamt ýmsum öðrum lögum. Umrætt frumvarp var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en var ekki afgreitt og er nú flutt óbreytt að undanskilinni 4. gr. frumvarpsins.

Sálarrannsóknarfélag Íslands vill í upphafi þakka nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um frumvarp þetta. Félagið fagnar markmiðum frumvarpsins að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og auka jöfnuð trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Sálarrannsóknarfélag Íslands er því fylgjandi frumvarpi þessu. Hér á eftir eru raktar athugasemdir félagsins við frumvarpið eftir því sem við á.

1. Almenn umfjöllun

Lagt er til að skilyrði fyrir skráningu lífsskoðunarfélags sé það að um sé að ræða félag sem byggist á veraldlegum lífsskoðunum, miði starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt og fjallar um siðfræði eða þekkingarfærði með skilgreindum hætti.

Sálarrannsóknarfélag Íslands var stofnað árið 1918 og er því rötgróið félag á sínu sviði. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að efla áhuga og virðingu almennings á andlegum málum, stuðla að mann- og hugrækt og standa að almennri fræðslu um andleg mál, með áherslu á kynningu á sálarrannsóknnum nútímans. Með vísan til tilgangs félagsins sem felst m.a. í mann- og hugrækt og byggist á heimspeki, vísindum og trú, liggur fyrir að félagið telst vera lífsskoðunarfélag í skilningi frumvarpsins og uppfyllir þannig þau skilyrði sem sett er fyrir skráningu slíkra félaga í frumvarpinu.

2. Einstaka greinar frumvarpsins

4. gr. frumvarpsins.

Sálarrannsóknarfélag Íslands er að meginstefnu til sátt við uppbyggingu 4. gr. frumvarpsins um breytingu á 3. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög.

Í b. lið 4. gr. frumvarpsins er að finna skilyrði fyrir skráningu lífsskoðunarfélaga. Sú breyting hefur hins vegar verið gerð á núgildandi frumvarpi að skilyrði fyrir skráningu slíkra félaga er að félagið skuli byggja á „veraldlegum lífsskoðunum“. Ekki er að finna í frumvarpinu nánari skýringu á framangreindu hugtaki. Líkt og greint hefur verið frá telur Sálarrannsóknarfélag Íslands að félagið sé án alls vafa lífsskoðunarfélag í skilningi þess frumvarps sem nú liggur fyrir og uppfylli skilyrði b.liðar ákvæðisins. Þrátt fyrir framangreint telur félagið þó rétt að í ákvæðinu komi einnig fram að lífsskoðunarfélög geti jafnframt byggt á trúarlegum lífsskoðunum, líkt og trúfélög. Með því yrði hafið yfir allan vafa að lífsskoðunarfélag standi að öllu leyti jafnfætis trúfélögum. Ef breyting ákvæðisins í þessa veru á sér stað telur félagið að jafnræði sé til staðar að þessu leytinu til á milli lífsskoðunarfélaga og trúfélaga. Þar sem fyrir liggur að lífsskoðunarfélag þarf ávallt að miða starfsemi sína við viðurkennd siðferðisgildi, mannrækt og fjalla um siðfræði eða þekkingarfræði með skilgreindum hætti telur félagið ekki hættu á að félög með annarlegan tilgang muni falla undir ákvæðið.

Félagið leggur því til að b. liður 4. gr. frumvarpsins orðist svo: *(sjá breytingu í hornklofa)*

„Skilyrði fyrir skráningu lífsskoðunarfélags er að um sé að ræða félag sem byggist á veraldlegum **[eða trúarlegum]** lífsskoðunum, miðar starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt og fjallar um siðfræði eða þekkingarfræði með skilgreindum hætti.“

14. gr. frumvarpsins.

Í 14. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingu á lögum um sóknargjöld nr. 91/1987. Lagt er til að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga og skráðra trúfélaga, en með breytingunni öðlast skráð lífsskoðunarfélög rétt á ákveðinni hlutdeild í tekjuskatti álögðum samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Sálarrannsóknarfélag Íslands fagnar því að lífsskoðunarfélög skuli samkvæmt frumvarpinu eiga rétt á ákveðinni hlutdeild í tekjuskatti og eigi þannig að standa jafnfætis þjóðkirkjusöfnuðum og skráðum trúfélögum. Félagið harmar hins vegar að ekki komi fram með skýrum hætti í ákvæðinu eða í skýringum með því hvernig skiptingunni skuli hagað. Sem dæmi má nefna að ef að einstaklingur tilheyrir bæði þjóðkirkjusöfnuði og lífsskoðunarfélagi kemur hvergi fram með skýrum hætti hvernig skiptingunni skuli hagað. Félagið er þeirrar skoðunar að ef að einstaklingur tilheyrir tveimur eða fleiri söfnuðum eða félögum skuli hlutdeild í tekjuskatti skiptist jafnt á milli þeirra safnaða/félaga sem einstaklingurinn er skráður í. Ef slík skipting er ekki til staðar er ljóst að fulls jafnræðis er ekki gætt á milli þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga að þessu leytinu til. Samkvæmt framangreindu telur félagið því nauðsynlegt að skýrt ákvæði um þessa skiptingu komi fram í lögnum sjálfum.


LAGARÖK

Með vísan til þessa leggur Sálarrannsóknarfélag Íslands til að 1. tölul. 14. gr. frumvarpsins orðist svo:, *(sjá breytingu í hornklofa)*

„Þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög samkvæmt lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög skulu eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti álögðum samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt eftir því sem lög þessi ákveða. **[Ef einstaklingur er skráður í fleiri en einn þjóðkirkjusöfnuð, trúfélag eða lífsskoðunarfélag, skal hlutdeild í tekjuskatti skv. 1. másl. skiptast jafnt á milli þeirra safnaða eða félaga sem um ræðir.]**

Virðingarfyllst,

F.h. Sálarrannsóknarfélags Íslands



Hlynur Ingason hdl.